

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um öryggistíma í sjúkraflugi.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hvernig er öryggistími í sjúkraflugi skilgreindur?
2. Hver er viðbragðstími í sjúkraflugi með tilliti til öryggistíma?
3. Hvað líður almennt langur tími frá því að kallað er eftir sjúkraflugi þangað til sjúklingur er kominn á áfangastað, sundurliðað eftir staðsetningu sjúklinga?
4. Hver er þróun viðbragðstíma í sjúkraflugi sl. 5 ár?

Skriflegt svar óskast.